

## **Ed. 327. Frumvarp til laga**

um gjald af innlendum tollvöruhegundum.

Frá fjárhagsnefnd.

### **1. gr.**

Enginn má reka tilbúning á vöruhegund, sem gjald ber af að greiða samkvæmt lögum þessum, nema hann hafi áður fengið til þess leyfisbréf hjá tollýfirvaldi, þar sem framleiðslan fer fram.

Fyrir leyfisbréfið skal gjalda 100 kr. til bæjar- eða sveitarsjóðs.

Fjármálaráðuneytinu skal heimilt að setja um það ákvæði í reglugerð, hvaða skilyrðum skuli fullnægja áður en slíkt leyfisbréf megi láta í té.

### **2. gr.**

Af vörum, sem búnar eru til hér á landi og taldar eru í eftirfarandi gjaldskrá, skal greiða innlent tollvörugjald eftir því, sem segir í skránni.

#### **1. kafli.**

#### **Sykurvörur og lakkrís.**

Gjald- skrár nr.	Vöruhegund	Gjald- eining	Vörumagns- gjald Aurar
1	Marzipan, sykrað .....	1 kg	210
2	Brjóstsukur .....	—	210
3	Munngúm (tyggigúmmi) .....	—	210
4	Töggur (karamellur) .....	—	210
5	Sykraðir ávextir .....	—	210
6	Önnur sætindi .....	—	210
7	Lakkrís og lakkrísvörur .....	—	70

2. kafli.  
Kakaóvörur.

Gjald- skrár nr.	Vörutegund	Gjald- eining	Vörumagns- gjald Aurar
1	Hreint súkkulaði allskonar, svo sem suðusúkkulaði, iðnsúkkulaði og súkkulaðihúð .....	1 kg	105
2	Átsúkkulaði allskonar, svo sem súkkulaðihúðað munn- gæti (kreamsúkkulaði, krókantsúkkulaði, marzipan- súkkulaði, nógatsúkkulaði og konfekt), ávaxta- súkkulaði, hnotsúkkulaði og möndlusúkkulaði ....	—	210
3	Kókosbollur .....	—	210
4	„Negrakossar“ .....	—	210
5	Rjómalengjur .....	—	210

3. kafli.

Kaffibætir og kaffilíki.

1	Kaffibætir .....	1 kg	60
2	Kaffilíki allskonar .....	—	60

4. kafli.

Drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.

1	Gosdrykkir allskonar .....	1 l	15
2	Maltöl .....	—	15
3	Annað öl .....	1 l	30
4	Óáfeng vín .....	—	105
5	Aldinsöft .....	—	70
6	Límonaðisöft .....	—	70
7	Litað sykurvatn með kjörnum .....	—	70
8	Aðrir slíkir drykkir og vökvar .....	—	70

5. kafli.

Tóbaksvörur.

1	Vindlar .....	1 kg	1100
2	Vindlingar .....	—	1500

Verði ágreiningur um það, hvaða vörur séu gjaldskyldar eftir lögum þessum, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

3. gr.

Vörumagnsgjald það, sem um ræðir í 2. gr., skal greiða eftir magni varanna án umbúða. Af vörum þessum skal reikna  $\frac{3}{4}$  úr tolleiningu og þar yfir sem heila,  $\frac{1}{4}$  allt að  $\frac{3}{4}$  hálf, en minna broti skal sleppt.

4. gr.

Vörugerðarmaður skal greiða gjaldið til hlutaðeigandi tollýfirvalds áður en varan er látin burt, seld eða send til umboðssölu.

Fjármálaráðuneytið skal endurgreiða gjald, sem greitt hefir verið samkvæmt lögum þessum af vörum, sem fluttar hafa verið til útlanda til sölu þar, ef útflutningur varanna fer eftir reglum tolllaga um endursending vara og útflutningsskýrslur og skjöl þau, sem þeim eiga að fylgja, bera það með sér, að vörurnar séu sendar til útlanda til sölu þar.

5. gr.

Vörur þær, sem gjaldskyldar verða eftir lögum þessum, er vörugerðarmaður lætur þær af hendi, skulu vera að veði fyrir gjaldinu, sektum og málskostnaði. Séu skil

ekki gerð, getur tollyfirvald selt þær birgðir af tilbúinni gjaldskyldri vöru, sem fyrir finnast, án undangengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjaldi, sektum og málskostnaði. Það skal gera á uppboði, er boðað sé með viku fyrirvara, og má tollyfirvald krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst eigi til gjaldskyldrar vöru eða efnis í hana, og má þá, án undanfarinnar birtingar, gera lögtak fyrir gjaldi, sektum og málskostnaði í öðrum eignum gjaldanda.

6. gr.

Fjármálaráðherra setur reglugerð um vörugerðina, um húsrúm og útbúnað, þar sem vörugerðin fer fram, um geymslu á hráefnum og tilbúnum óafhentum vörum, um gerð og merking umbúða, um afhending og sölu varanna, um allt bókhald vörugerðar og hverjum viðurlögum það sæti, ef þækur eru ekki færðar eins og fyrir er mælt, eða ef þær eru eyðilagðar, um eftirlit til tryggingar gjaldheimtunni og annað það, er þurfa þykir til að tryggja gjaldheimtuna.

Ennfremur má í reglugerðinni ákveða sektir fyrir brot gegn henni, þar á meðal dagsektir, svo og um missi leyfisbréfs til vörugerðar og hvernig framfylgja skuli slíkri leyfissviptingu. Heimta má vottorð, útbúið á þann hátt, er getur í 155. gr. hegningarlaganna, um framtal vöru.

7. gr.

Brot gegn fyrirmælum laga þessara eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, verða sektum.

Nú verður vörugerðarmaður uppvis að því að hafa sagt rangt til um vörugerð sína, hráefni, birgðir, hversu mikið hann hefir látið af hendi, eða hann hefir selt af birgðum í heimildarleysi án þess að gjaldið sé greitt, og varðar það þá minnst 100 kr. sekt, og auk þess ber að greiða þrefalda upphæð gjalds þess, sem reynt hefir verið að draga undan. Nú verður eigi sannað, hve há sú upphæð hefir verið, og skal þá ákveða hið þrefalda gjald eftir málavöxtum.

8. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, eða gegn reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, skulu rekin sem almenn lögreglumál. Sektir allar renna í ríkissjóð.

9. gr.

Fyrir gjaldheimtum og sektum eftir lögum þessum skal gera reikning eftir reglum þeim, sem settar eru eða settar verða um opinber reikningsskil.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 50 31. maí 1927, lög nr. 70 28. des. 1934, lög nr. 127 31. des. 1935 og lög nr. 27 13. júní 1937.

Leyfisbréf til vörugerðar, er gefin hafa verið út samkvæmt eldri lögum, halda gildi sínu.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk fjármálaráðherra, og hafa einstakir nefndarmenn óbundnar hendur um einstök atriði þess. Millipinganefnd í skatta- og tollamálum hefir yfirfarið frumvarpið að tilhlutun fjárhagsnefndar og hefir ekkert haft við það að athuga efnislega. Frumvarpinu fylgdi eftirfarandi greinargerð:

Eftir núgildandi lögum er innlent tollvörugjald ákveðið sem hluti af aðflutningsgjaldi samkvæmt tolllögum frá 1911 og síðari breytingum á þeim lögum. Aðflutningsgjaldið frá 1911 er, eins og kunnugt er, vörumagnstollur, sem er miðaður við þunga varanna án umbúða. Í tollskrárfrumvarpi því, sem liggur

fyrir þinginu, er gert ráð fyrir því, að lögin um aðflutningsgjaldið frá 1911 skuli numin úr gildi, en tvennskonar aðflutningsgjöld, vörumagnstollur og verðtollur, skuli vera á vörum þeim, sem gjaldskyldar eru eftir lögunum frá 1911 og síðari breytingum á þeim. Þar eð ekki er tilætlunin, að innlenda tollvörugjaldið hækki eða að það verði bæði vörumagnsgjald og verðgjald, er nauðsynlegt að breyta lögunum og ganga þannig frá þeim, að innlenda tollvörugjaldið verði eftirléiðis, eins og hingað til, miðað við vörumagnstoll, sem er miðaður við magn varanna án umbúða. Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir þessu. Þá er og ætlað til, að gerðar verði nokkrar smávægilegar, en nauðsynlegar breytingar á almennum ákvæðum laganna, og verður gerð grein fyrir því, hverjar þær eru, í athugasemdunum um einstakar greinar frumvarpsins. Loks er öllum ákvæðum laganna steipt saman í ein lög, en ákvæðin eru nú í fernum lögum. Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

#### Um 1. gr.

Ákvæðin í þessari grein svara til ákvæðanna í 1. gr. laganna nr. 50/1927. Í 1. gr. frumvarpsins er þó gert ráð fyrir, að tollvörfirvöldin láti í té leyfisbréfin til tollvörugerðar, en ekki lögreglustjóri, eins og nú er. Það eru tollvörfirvöldin, sem innheimta tollvörugjaldið og hafa með höndum eftirlitið með tollvörugerðum. Lögreglustjórnin hefir engin afskipti af þeim málum. Þá er lagt til, að fjármálaráðuneytinu verði heimilað með reglugerðarákvæðum að ákveða skilyrði, sem skuli fullnægja áður en tollvörugerð megi taka til starfa. Það hefir stundum komið fyrir, að menn hafa byrjað á tollvörugerð án þess að hafa aflað sér nauðsynlegra gagna, t. d. hráefna- og framleiðslubóka, og hefir þá tolleftirlitið ekki getað fylgzt með rekstrinum frá byrjun. Með heimild þessari á að vera hægt að ganga svo frá því, að þetta eigi sér ekki stað.

#### Um 2. gr.

Gjöldin eftir gjaldskránni eru miðuð við gjaldhæð vörumagnstollsins eftir tollskrárfrumvarpinu, sem er ákveðinn eftir magni varanna án umbúða. Er það í samræmi við það, sem nú er gert, og verður þá gjaldhæðin í flestum tilfellum eins og hún er nú með 12% gjaldaukanum. Undantekningarnar frá þessu, sem eru allar í samræmi við þær breytingar, sem leiðir af tollskrárfrumvarpinu, eru þessar: Gjaldið af lakkris lækkar úr kr. 2.10 í kr. 0.70. Gjaldið af kaffibæti, kaffilíki, gosdrykkjum og maltöli hækkar um 1 eyri. Gjaldið af vindlum lækkar um kr. 0.20, en hækkar á vindlingum um kr. 0.44. Á undanförmum árum hefir ekkert verið framleitt af tóbaksvörum hér á landi. Á árinu 1938 og það, sem af er þessu ári, hefir ekkert verið framleitt af lakkris.

#### Um 3. gr.

Ákvæði greinarinnar er í samræmi við núgildandi reglur.

#### Um 4. gr.

Svarar til 4. gr. laganna nr. 50/1927 og laga nr. 127/1935. Í lögunum frá 1935 er gert ráð fyrir undanþágu frá tollvörugjaldi fyrir þær tollvörutegundir, sem fluttar eru til útlanda til sölu þar. Vegna ákvæðanna í 4. gr. laganna nr. 50/1927 er undanþága að þessu leyti ekki framkvæmanleg, enda hefir ákvæði þetta ekki verið framkvæmt á þann hátt, heldur með endurgreiðslu. Ákvæðið í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins er í samræmi við þær reglur, sem fylgt hefir verið.

#### Um 5. gr.

Samhljóða 5. gr. laganna nr. 50/1927 að öðru leyti en því, að lagt er til, sem sjálfsgagt þykir, að sömu reglur gildi um málskostnað og sektir.

Um 6. gr.

Er að öllu verulegu samhljóða 3. gr. laga nr. 70/1934. Nokkrum atriðum til tryggingar gjaldheimtunni er þó bætt við, t. d. heimild til að kveða á um geymslu hráefna og um viðurlög við því, ef birgðabækur eru eyðilagðar.

Um 7. gr.

Aðalbreytingin frá núgildandi 7. gr. laga nr. 50/1927 er sú, að ákvæðin um hámark sekta eru felld niður. Það þykir rétt, enda í samræmi við ákvæði laganna um tollheimtu og tollefirlit, að hámark sekta fari eftir almennum reglum eða lögum nr. 13/1925.

Um 8. gr.

Samhljóða 8. gr. laga nr. 50/1927.

Um 9. gr.

Að efni til í samræmi við 9. gr. laga nr. 50/1927.

Um 10. og 11. gr.

Gefa ekki tilefni til athugasemda.